



## Borgarráð

### Endurnýjun gönguljósa 2023.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út í samstarfi við Vegagerðina kaup á búnaði til endurnýjunar á gangbrautarljósum 2023. Um er að ræða búnað á sex gangbrautarljósum. Þar af eru fimm í eigu Reykjavíkurborgar en eitt í eigu Vegagerðarinnar.

Áætlaður kostnaður vegna kaupanna er 30 m.kr.  
Þar af er hluti Reykjavíkurborgar um 25 m. kr.

#### *Greinargerð:*

Samkvæmt áætlun skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar liggur fyrir að nauðsynlegt er að endurnýja búnað gangbrautarljósa á sex gangbrautum á þessi ári. Núverandi búnaður getur ekki tengst miðlægri stýritölvu umferðarljósa og er því ekki vaktaður miðlægt. Þá er framleiðandi hættur stuðningi við búnaðinn.

Samhlíða endurnýjun á búnaði eru ljósastýringar yfirfarnar og eftir atvikum, skynjurum bætt við og lagfæringar gerðar á nánasta umhverfi, sérstaklega m.t.t. aðgengis og öryggis óvarinna vegfarenda. Lagfæringar á umhverfi eru almennt séð minniháttar lagfæringar t.d. á kantsteinum, gerð leiðarlína og varúðarsvæðis. Þó er gert ráð fyrir að núverandi göngupverun yfir Lönguhlíð verði færð norður fyrir Blönduhlíð.

Um er að ræða gangbrautarljós á eftirfarandi stöðum:

1. Hofsvallagata við Túngötu
2. Langahlíð við Blönduhlíð
3. Hofsvallagata við Neshaga
4. Réttarholtsvegur við Langagerði
5. Bústaðavegur við Grímsbæ
6. Eiðsgrandi vestan við JL húsið (í eigu Vegagerðarinnar).

Kostnaðarstaður: 3102

Kostnaðaráætlun 2 vegna kaupa á búnaði: 25 m.kr. (hluti Reykjavíkur)

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

*Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

# ENDURNÝJUN GÖNGULJÓSA



UMHVERFIS- OG  
SKIPULAGSSVIÐ

# LÝSING Á FRAMKVÆMD

- LJÓSASTÝRÐ GÖNGUÞVERUN YFIR LÖNGUHLÍÐ MILLI ESKITORGS OG BLÖNDUHLÍÐAR VERÐUR FÆRÐ NORÐUR FYRIR BLÖNDUHLÍÐ.
- ENDURNÝJUN UMFERÐARLJÓSAÞÚNAÐAR.
- LJÓSASTÝRINGAR YFIRFARNAR.
- SKYNJURUM BÆTT VIÐ.
- FORGANGSKERFI STRÆTÓ OG NEYÐARBÍLA INNLEITT.
- UMHVERFI OG YFIRBORÐ LAGFÆRT M.T.T. AÐGENGIS OG ÖRYGGIS VEGFARENDAR.


# STAÐSETNING

---

## GÖNGUÞVERANIR

- |                              |                                    |
|------------------------------|------------------------------------|
| 1. Hofsvallagata við Túngötu | 4. Réttarholtsvegur við Langagerði |
| 2. Langahlíð við Blönduhlíð  | 5. Bústaðavegur við Grímsbæ        |
| 3. Hofsvallagata við Neshaga | 6. Eiðsgrandi vestan við JL húsið  |

# YFIRLITSMYND



Langahlíð við Eskitorg.  
Lagt er til að ljósaþyrð  
göngu-þverun yfir  
Lönguhlíð verði færð  
norður fyrir Blönduhlíð.  
(Loftmynd:  
LUKR/Samsýn)

# KOSTNAÐUR OG VERKTÍMI

HEILDARKOSTNAÐUR INNKAUPA ER ÁÆTLAÐUR 30 M.KR.

KOSTNAÐARHLUTDEILD REYKJAVÍKURBORGAR ER 25 M.KR.

VONAST ER TIL AÐ HÆGT VERÐI AÐ HEFJA FRAMKVÆMDIR Í SUMAR Á ÞESSU ÁRI OG ÞEIM LOKIÐ HAUSTIÐ 2023.



TAKK  
FYRIR